

MARGIT SANDEMO

SAGAN
— UM —

Ísfólkið

Vonin 4

MARGIT SANDEMO



SAGAN
UM

Ísfólkið

Vonin 4

Vonin

Sagan um Ísfólkið 4
Vonin

© Margit Sandemo, 1982
Bókin heitir „Tisteln“ á frummálinu.

© Katrin Agency, 2013
Íslensk útgáfa: JENTAS ehf., 2013

Þýðing: Snjólaug Bragadóttir
© kápa: Katrin Agency, 2012
Hönnun kápu: Jentas

ISBN 978-9979-64-023-3 (epub)

Samningar er varða verk höfundar, þýðingu, kápu og útlit texta og notendarétt á þeim eru í eigu © Katrin Agency.

www.jentas.is
www.isfolkid.is
www.galdrameistarinn.is

JENTAS gefur bókina út á íslensku og dönsku.

Öll réttindi áskilin.

Bók þessa, eða hluta af henni, má ekki afrita með neinum hætti, hvorki með ljósmyndun, prentun, hljóðritun né á annan hátt, án skriflegs leyfis útgefanda.

Sagan um Ísfólkið

FYRIR ÓRALÖNGU, mörgum öldum, fór Þengill illi út í óbyggðir til að selja Satani sál sína.

Hann varð ættfaðir Ísfólksins.

Þengli var lofað gulli og grænum skógum gegn því að ein manneskja að minnsta kosti í hverjum lið ættarinnar skyldi vera í þjónustu Satans og vinna illvirki. Viðkomandi skyldi þekkjast á gulum kattaraugum og vera göldróttari en nokkur dæmi voru til um.

Bölvunin skyldi hvíla á ættinni þar til staðurinn fyndist þar sem Þengill illi hafði grafið niður pottinn sem hann notaði til að sjóða seyðið sem manaði myrkrahöfðingjann fram.

Svo segir þjóðsagan.


Hvort hún er sönn veit enginn.

Árið 1548 fæddist maður í ætt Ísfólksins, undir þessum álögum. Hann reyndi að snúa hinu illa til góðs með líferni sínu og var því kallaður Þengill góði. Þessi saga er um fjölskyldu hans og afkomendur.

Kannski má þó segja að hún fjalli mest um konurnar í ættinni.

Ísfólkið

Afkomendur Þengils hins illa, um árið 1200



1

ÞAÐ GEKK EFTIR sem Sunna spáði. Strax sama ár og hún varð að deyja fæddist önnur Sunna. Hún var annað barn Dags og Lífar og hlaut nafnið Cesilja, sem var sambland af Charlotte og Silja. Þótt hún líktist Sunnu að ýmsu leyti var hún mun hlýrri og tilfinninganæmari.

En skammt frá þessu merkilega barni óx upp önnur telpa, öllu ómerkilegri...

EIKARBÆR var eitt býlanna sem féllu undir Grásteinshólma. Herragarðseigandinn, Dagur Meiden barón og móðir hans, Charlotte, höfðu áhyggjur af ástandinu þar. Þau gerðu sitt besta til að fjölskyldan sylti ekki en hvað stoðaði það þegar Eikarbæjarbóndinn hélt að hann einn ætti að hlýða Biblíunni, margfaldast og uppfylla jörðina? Þau yngstu voru smábörn þegar elsti sonurinn gifti sig og tók við rekstri búsinns. Því miður fetaði sonurinn í fótspor föðurins og árið 1607 átti hann 15 börn sem slógust við frændsystkin sín um matarbitana.

Eitt af þessum 15 var Yrja, telpan sem Þengill hafði átt erfitt með að hjálpa í heiminn af því hún sneri öfugt. Raunar var það dæmigert því flest sem hún gerði upp frá því voru hálfgerð handarbakaverk.

Yrja átti erfitt sem ungbarn. Útslitin móðirin mjólkaði henni illa og næstu árin var hún ekki með þeim fyrstu að matborðinu. Afleiðingin var skelfileg vannæring. Hún var haldin því sem síðar kallaðist *enska veikin* eða beinkröm. Það stafaði af því að móðirin hafði hitt kryppling á meðgöngunni. Á því lék enginn vafi.

Hún þvældist líka fyrir. Móðirin þurfti að hugsa um mörg yngri börn og þar hjálpaði Yrja ekki, hún gat ekkert.

Faðirinn hafði skylduverkum að sinna á Grásteinshólma og einn daginn bað kona hans hann í örvæntingu sinni að taka Yrju með sér.

-Þá hef ég einu barni færra að sinna, að minnsta kosti þann daginn.

Bóndinn fussaði gramur og sagðist ekki geta tekið með sér barn í vinnuna.

-Tjóðraðu hana við tré á meðan þú vinnur! sagði móðirin. -Við þvolum stórþvott í dag og ég get ekki séð um nema þau yngstu. Hin hjálpa mér að þvo.

Þannig varð það að Yrja fékk að fara með. Hún var þá sex ára, þéttvaxin eins og pabbinn og það gerði heildarsvipinn enn undarlegri. Hún leit út eins og stór, hnúskóttur Maríuþistill.

Börn herragarðseigandans, Taraldur og Cesilja, ásamt frænku sinni, Sunnivu, voru úti að leika sér við Grásteinshólma þegar þau komu auga á telpuna bundna við tré skammt frá hlöðunni. Hún var niðurlút, sparkaði í jörðina og leit öðru hverju upp á þau. Í öllu fasi hennar mátti sjá að hún öfundaði þau af því að geta leikið sér...

Hún hafði heyrt um barnaboðin á Grásteinshólma. Frændsystkinum hennar hafði verið boðið þangað... en það var þegar herra Dagur var sjálfur lítill.

Cesilja var frökkust þremminganna þótt hún væri yngst. Hún nam staðar.

-Má hún ekki leika sér með okkur?

Hin horfðu rannsakandi á telpuna. Hún var svo sannarlega ekkert augnayndi, stórbeinótt, vannærð og öll skökk... eins og dvergfura sem hafði vaxið í sprungu á veðurbarinni klöpp og dregið til sín alla fáanlega næringu. Hún var ekki ósvipuð hávöxnum þistli.

-Því ekki? sagði Taraldur glaðlega. -Við getum spurt hana.

Þau hlupu til telpunnar. Yrja sparkaði enn ákafar með

skótánni í grasið.

-Hæ, sagði Taraldur. -Hvað heitirðu?

Hún hvíslaði einhverju án þess að líta upp.

-Hvað sagðirðu? spurði Cesilja og kom nær.

Telpan kyngdi. Röddin vildi ekki hlýða. Hún greip báðum höndum fyrir andlitið.

-Yrja, tókst henni loks að stynja upp.

-Sagðirðu Yrja?

Hún kinkaði kolti og þorði ekki að líta á þau.

-Yrja? endurtók Sunniva. -Enginn heitir það.

Helst leit út fyrir að telpan vildi sökkva í jörðu niður.

-Það veistu ekkert um, sagði Cesilja hvassyr. -Þú hefur ekki heyrt öll nöfn í heiminum!

-Viltu leika þér með okkur? spurði Taraldur. Yrja leit upp til hans og hefði getað dáið alsæl á sömu stundu.

Svo leit hún niður aftur og gat ekki svarað.

-Þá spyrjum við pabba þinn, ákvað Cesilja. -Er hann ekki Eikarbæjarbóndinn?

Yrja kinkaði ákaft kolti. Hún var viss um að pabbi hennar segði nei. Þau höfðu þó spurt hana. Það skipti öllu.

Meðan þau hlupu að hlöðunni sem pabbi hennar var að gera við ásamt fleirum þorði hún loks að líta upp og horfa á þau.

Strákurinn var svo myndarlegur, með dökkt hár og augnabrunir sem litu út eins og... fuglar á flugi, svo bogadregnar voru þær. Önnur stelpan var lítil og nett eins og postulínsvasi sem Yrja hafði einu sinni á ævi sinni séð. Hin var kraftmeiri, kjóllinn hennar var strax orðinn óhreinn.

Nú stóðu þau á tali við pabba hennar. Hann sýndist neikvæður.

Í sömu andrá kom fín dama upp að bænum, afar góðleg. Yrja vissi að hún var húsfreyjan í Lindigarði.

Öll þrjú börnin hlupu á móti henni.

-Amma, má Yrja leika sér með okkur? Segðu pabba hennar að hún megi það, hann trúir því ekki.

Silja horfði hlæjandi á þau. -Auðvitað má hún það! Ég tala við pabba hennar. Er þetta ekki telpan sem...? Jú, það er hún.

Hún veifaði til Eikarbæjarbóndans og þau gengu að barninu sem stóð bundið við tréð.

-Hlustið nú á mig, krakkar, sagði Silja. -Yrja litla er einum degi yngri en Taraldur. Þengill hjálpaði ykkur báðum í heiminn. Hann reið fram og aftur milli Eikarbæjar og Grásteinshólma í heilan sólarhring. Það eru sjö tímar á milli ykkar. Og þú, Sunniva, fæddist fimm dögum seinna.

-En ég? spurði hin frakka Cesilja móðguð. -Telst ég ekki með? Eru bara þau merkileg?

-Þú, sagði Silja hlæjandi. -Þú ert bara fimm ára og veist það vel. Þú hefur minnt mig á afmælið þitt í margar vikur. Eins árs munur er lítill og þú tengist þeim á margan hátt. Þú ert mjög lík mömmu Sunnivu, Sunnu. Hún var þó dekkri og... afsakaðu að ég segi það... fallegr. Hún var fallegasta stúlka sem ég hef nokkurn tíma séð.

Taraldur kinkaði kalli. -Ég hef séð málverk af henni í Lindigarði.

-Það er bara eins og skuggi af henni, sagði Silja, sem vissi að Sunniva þurfti fullvissu um að hún ætti einstaka móður. -Sunna var svo full af lífi að maður stóð stundum á öndinni.

-Sunna var mamma mín, sagði Sunniva stolt. -Er ég ekki eins falleg og hún?

Silja leit á hana. -Þú ert ekki vitund lík henni. Þú ert ljóshærð og bláeygð og eins og fiðrildi. Þú hefur þína eigin kosti og veist vel af þeim.

Ekkert barnanna hafði heyrt sannleikann um örlög Sunnu, að átt hefði að brenna hana sem norn eftir að hún myrti föður Sunnivu, Heming fógetadrápara, með heykvísl... og að Þengill

hafði byrjað henni eitur síðustu nóttina svo hún slyppi við að kveljast á brennunni. Þau vissu bara að hún hafði dáið skömmu eftir að Sunniva fæddist.

Sunniva hafði spurt um föður sinn en aðeins fengið að vita að hann væri dáinn og að hún líktist honum í útliti. Enginn minntist á dauðdaga hans og hið fyrirhlitlega nafn hans var aldrei nefnt.

-Losaðu nú Yrju, Taraldur, og þegar þið eruð búin að leika ykkur, býðurðu henni inn í mat.

Þannig var Yrja kynnt á Grásteinshólma og síðan kom hún þar oft. Jafnaldrarnir fjórir voru saman í blíðu og stríðu. Það var eins og hin þörfnuðust Yrju á vissan hátt. Hins vegar varð verkaskiptingin ójafnari. Yrja þurfti að gera allt það leiðinlegasta í leikjunum, fara í sendiferðir, vera á verði og slíkt. Sunniva kunni ekkert, hún var hjálparvana, og Taraldur og Cesilja börðust alltaf um foringjahlutverkið. Cesilja vann oftast og bætti vel upp að hún var ögn yngri en hin.

Fullorðna fólkið var svolítið hissa á því hversu fljótt Yrja varð ein af hópnum. Líf sagði að það væri eins og þau þyrftu einhvern til að mikla sig fyrir og slíkt var ekki alveg óþekkt meðal fullorðinna.

En nýir vinir Yrju breyttu miklu til batnaðar fyrir hana og Eikarbæjarfólkið. Hún fékk nóg að borða á Grásteinshólma og oft aukabita þannig að hún stækkaði og styrktist. Eftir nokkra mánuði tók Silja hana í þjónustu sína í Lindigarði. Yrja kom nokkra daga í viku og hjálpaði Silju með létt verk á vinnustofunni og í fínu stofunum. Allir voru ánægðir því Silja borgaði telpunni fyrir verkin, ýmist með góðgæti, flík eða smápeningi.

Á daginn kom að Sunniva vildi líka hjálpa ömmu sinni, að minnsta kosti á vinnustofunni sem alltaf var svo spennandi. Þess vegna skiptust telpurnar á um að hjálpa Silju sem ekki var

neitt unglamb lengur. Þetta var hentugt fyrirkomulag og Silja gat alltaf sent þær út ef þær fóru að þreyta hana.

Nokkuð var síðan Sunniva flutti upp á Grásteinshólma þar sem hún ólst upp með börnum Dags og Lífar. Silja hafði fljótlega séð að hún hafði ekki lengur þrek til að hafa smábarn á heimilinu. Líf hafði boðist til að taka foreldralausu telpuna að sér.

Silja hafði áhyggjur af yngri syninum, Ara. Ekki leit út fyrir að hann ætlaði nokkurn tíma að gifta sig. Það eina sem hann hugsaði um var búið, dýrin, jarðræktin, húsin og skógurinn. Silju fannst það ekki nógu gott og hún nauðaði í honum. Hún vildi eignast fleiri barnabörn og það vantaði góða húsmóður á heimilið.

Þegar það loks gerðist... var það saga til næsta bæjar.

Það byrjaði fyrsta árið sem Yrja var í Lindigarði, dag einn þegar börnin voru í feluleik niður frá hjá ömmu. Eins og gengur beindist athygli þeirra að einhverju öðru og Yrja gleymdist á felustað sínum í fjósinu. Hún sat grafkyrr í skoti innan við kálfastíuna og skildi ekki af hverju enginn kom að leita.

Jú, nú kom einhver en gekk þungum skrefum. Hún faldi sig enn betur.

Þannig vildi til að Kláus, vinnumaður á Grásteinshólma, átti erindi að Lindigarði og nú kom hann inn í fjósið í leit að gömlu beisli og sá ekki Yrju.

Rétt á eftir kom annar skjólstæðingur Sunnu, Meta litla, sem hafði verið öllum á búunum ómetanleg hjálp um árabíl.

Kláus hafði aldrei verið sérlega greindur. Hann hafði lengi syrgt Sunnu en svo hafði hann skyndilega fengið áhuga á hinni smávöxnu Metu með ljósa makkann. Þarna hittust þau nú alveg óvænt í fjósinu og það varð honum um megn. Náttúran vann sigur á kurteisinni.

Stoltur greip hann í Metu og spurði hvort hún vildi sjá.

Það vildi Meta ekki með nokkru móti og öskrið sem hún rak

upp skar Yrju í eyrun. Hún varð svo hrædd að hún skreið á fjórum fótum til dyra þar sem Meta stökk yfir hana. Þær hrutu út úr dyrunum í þann mund sem Silja kom að og mætti Metu, gráfölri í framan. Hún skaust inn í sunðið milli húsanna og kastaði upp. Enginn tók eftir Yrju litlu.

-Elsku barn, sagði Silja. -Ertu lasin?

Meta rétti úr sér. Tennur hennar glömrðu en hún hristi höfuðið.

-Kláus... hann tók út á sér... það var svo stórt! Hún fékk hnút í magann aftur.

-Vina mín! Silja greip andann á lofti og þaut inn í fjósið. Þar stóð Kláus og brosti eins og kjáni. Hann var að ljúka við að laga á sér fötin.

Silja var róleg og einbeitt: -Svona máttu ekki gera, Kláus! Alls ekki við Metu.

-En mér líst vel á hana, sagði hann aulalega.

-Gleymdu því, hélt Silja áfram. -Það voru einu sinni margir strákar sem hræddu Metu. Þeir gerðu eins og þú, bara meira. Hún mundi eftir því áðan þegar þú reyndir... hún kastaði upp. Skilurðu mig?

Kláus varð leiður. -En Sunnu fannst það gott. Ég vil leggjast með Metu.

Silja beit á jaxlinn þegar hún heyrði þetta um Sunnu.

-Það gengur ekki. Gleymdu Metu. Hefurðu ekki tekið eftir stúlku hér sem gefur þér hýrt auga?

-Hýrt...?

-Sem er hrifin af þér?

-Mér? Hrifin af *mér*?

Nú skáldaði Silja. Þetta voru þó björgunaraðgerðir. Meta hæfði ekki þessum manni.

-Hver er það, frú Silja?

-Rósa. Rósa með rjóðu kinnarnar og hlýja brosið.

Kláus hugsaði. Hann hafði greinilega ekki tekið eftir þybbnu eldhússtúlkunni með sveru fótleggina. Eins og hann var Rósa einföld sál, einstæðingur og of gömul til að freista ungra manna. Hún var líklega einum fimm árum eldri en Kláus en besta manneskja. Silja hafði ekki hugmynd um álit Rósu á Kláusi en gerði ráð fyrir að hún tæki fagnandi hverjum þeim sem veitti henni athygli.

Seinna um daginn talaði Silja við Rósu.

-Hefurðu tekið eftir því að þú átt aðdáanda, Rósa? spurði hún.

Þybbna eldhússtúlkan kafroðnaði. -Aðdáanda? Nei, frúin hlýtur að vera að grínast. Hver er það?

-Kláus á Grásteinshólma. Hann kom í dag til að gá hvort hann sæi þig ekki.

Það var laukrétt, því eftir samtalið í fjósinu hafði Kláus gengið að eldhúsglugganum til að gá hver þessi Rósa væri. Ef Meta þegði... sem var næstum öruggt, fengi Rósa aldrei að vita að hann hefði reynt við aðra stúlku.

-Já... ég sá hann reyndar á eldhúsglugganum. Mig grunaði ekki að þessi myndarlegi maður...

-Hann er ekki sérlega gáfaður, Rósa mín, en besta skinn.

-Ég er ekkert gáfnaljós heldur. Kláus? Einmitt? Sagðist hann koma aftur?

-Hann nefndi það ekki sérstaklega en hann á stundum erindi hingað.

Rósa hugsaði sig um. -Mætti ég þá bjóða honum kökur? Bara þær elstu?

Silja brosti. -Bjóddu honum það besta sem til er. Hann á það skilið þótt hann sé enginn snillingur.

Skammastu þín, hugsaði Silja og hló með sjálfri sér þegar hún fór aftur inn. Hvað ertu að reyna?

Þegar hún var farin, greip Rósa í Yrju sem hafði ætlað að elta matmóður sína.

-Yrja, ert þú ekki oft á Grásteinshólma?

-Jú.

-Geturðu ekki sagt við Kláus... þann myndarlegasta á bænum, að hann fái góðan mat hjá mér ef hann líti inn? Segðu að það sé af því hann annaðist hestinn hans Þengils svo vel í vetur.

Yrja kinkaði kolli og lofaði að segja það. Hún vissi vel hver Kláus var, en sá myndarlegasti á bænum...? Það skildi hún ekki.

Rósa horfði ánægð á eftir litlu, ólögulegu telpunni sem skaust út á hæla Silju. Rósa gat bara ekki beðið eftir því að Kláus ætti venjulegt erindi. Þessi sæti strákur!

Yrja smeygði sér inn í stofuna, alveg mátulega til að verða vitni að öðru áfalli frú Silju. Þengill kom til móts við þær, stórvaxinn og yfirþyrmandi útlits. Yrja vissi þó að hann var ekkert nema gæskan. Hann var að verða sextugur, það vissi hún líka en samt var hann unglegri en pabbi hennar sem var bara rúmlega fertugur.

-Hvað á þetta að þýða, Silja? spurði herra Þengill. -Meta sagði upp og fór, til fjölskyldu í Túnsbergi sem lengi hefur falast eftir henni. Hún sagði að annaðhvort færi hún eða Kláus og var sannfærð um að hún væri ómerkilegri en hann.

Nú kom Ari inn úr dyrunum og heyrði það síðasta.

-Hvað þá? Er Meta farin? Við getum ekki verið án hennar!

-Við neyðumst til þess ef hún vill ekki vera hérna, sagði faðir hans. -Þú ert alltaf að kvarta yfir að hún geri lítið þótt hún geri mun meira en þú. Hvað á þetta allt að þýða?

Stofustúlkan sem hafði tilkynnt Þengli um brottför Metu, sagði nú: -Ég veit það ekki. Það gerðist eitthvað milli þeirra Kláusar. Meta var mjög miður sín, hikstaði og grét og vildi fara eins og skot.

-Hvenær fór hún... og hvernig? hrópaði Ari.

-Hún fór gangandi með lítinn poka, svaraði stúlkan. -Það eru varla tveir tímar síðan.

-Ég fer á eftir henni, sagði Ari æstur.

Silja elti hann fram í anddyrið. -Ari... farðu varlega! Mundu í hverju Meta lenti einu sinni. Þess vegna strauk hún núna.

Ari hvítnaði. -Kláus?

-Hann gerði henni ekkert, hún sá bara svolítið á honum sem vakti slæmar minningar.

-Ég skal berja hann í kássu!

-Nei, ég er búin að bjarga því. Meta þarf ekki að óttast hann.

-Er það öruggt?

-Þú mátt treysta því. Hann hefur eignast nýtt áhugamál.

Ari kinkaði kolli. Hann vissi að Kláus var ljúfmenni, bara ósköp einfaldur.

Skömmu síðar heyrði Yrja hratt hófatak í lindigöngunum. Ari var farinn að sækja Metu.

Hvað sem gerðist í þeirri ferð fékk Yrja aldrei að vita og skildi sáralítið í öllum þessum látum. Kláus hafði víst gert eitthvað ljótt í fjósinu en hún sá ekki úr felustað sínum hvað það var.

Silja og Þengill vissu ekki heldur hvað gerðist í ferð Ara, bara árangurinn.

Þau vissu ekki að Ari þeysti í áttina til Túnsbergs og hugsaði margt um nýliðin ár.

Hann náði Metu innan skamms. Ósköp var hún lítil, hugsaði hann og minntist dagsins fyrir sjö árum þegar Sunna hafði komið heim með hana, horaða og vannærða. Hann hafði strítt henni á skánska hreimnum og verið andstyggilegur við hana.

Hann stökk af baki. Hún leit hrædd upp, með augun þrútin af gráti.

-Meta, sagði Ari í allt of ströngum tón. -Af hverju stingurðu svona af?

Varir hennar tóku að skjálfa og hann sá að hann hafði orðað þetta á rangan hátt.

-Við getum ekki verið án þín í Lindigarði, þú skilur það líklega,

næstum hrópaði hann.

Hún sneri sér undan.

-Ég get ekki verið án þín.

-Þú, herra? En þú skammar mig alltaf.

-Er það? spurði hann hvasst. -Kannski fyrst, en hef ég gert það seinni árin?

Hún hugsaði sig um. -Nei, sagði hún hissa. -Mér hefur bara fundist það.

-Þú hefur ímyndað þér það, sagði Ari. -Við tvö höfum alltaf unnið vel saman, er það ekki?

-Jú, hvíslaði hún og laut höfði.

Ari hugsaði um litla skuggann sem hafði elt hann um allt, út um engi og tún og í útihúsunum. Og nú vildi hún fara!

Svo datt það út úr honum í einni bunu:

-Metaviltugiftastmér?

Meiri undrun hafði hann aldrei séð í nokkru andliti... og var sjálfur steinhissa á því sem hann hafði sagt.

-Ég? hvíslaði hún. -En ég er bara vinnustúlka.

-Þú ert miklu meira en það. Ég sá það bara ekki fyrr en þú varst farin.

Tárin læddust fram undan augnalokum hennar. Ari skildi ekki hvar hann hefði fengið kjark til að segja þetta... eða hvaðan orðin komu. Hann hafði nær ekkert hugsað um stúlkur hingað til og vissi ekkert hvernig átti að bera sig að. Þess vegna kom hann einum of snögggt að efninu.

-Viltu það ekki? spurði hann lágt.

-Ég get það ekki, hvíslaði hún.

-Vegna þess sem gerðist fyrir löngu?

Hún kinkaði ákaft kolli.

-En... hvernig átti hann að segja það? Hann varð vandræðalegur. -Líkar þér ekki vel við mig, Meta? Bara svolítið?

-Mikið, svaraði hún svo rétt heyrðist.

-Ef það hefði ekki gerst segðirðu þá já?

-Ég er svo miklu lægra sett en þú?

-Ekki tala um það! Nei, nú var hann orðinn hvass aftur. Úff, þetta gekk ekki sem best. Gat enginn hjálpað honum? En ekki var sálu að sjá á veginum svo langt sem augað eygði. Reyndar voru áhorfendur að þessum klaufaskap líka óþarfir.

-Pabbi og mamma hafa ekki alltaf verið svona virt, sagði hann loks. -Hér áður fyrr voru þau á flótta og það var Charlotte frænka sem bjargaði okkur öllum frá hungurdauða. Jæja?

-Ég vil það gjarnan, herra.

-Ari.

-A...Ari, endurtók hún stamandi. Hún var óvön því að ávarpa hann með nafni.

-Hlustaðu nú á mig, Meta, sagði hann og greip um axlirnar á henni. -Ef þú vilt ekki... Hvernig átti að orða það? -Ef þú vilt ekki sofa hjá mér er það allt í lagi. Ég er víst ekki mjög ástríðufullur...

Var þetta kjánalegt? Já, eflaust, en hann þorði ekki að nota önnur orð.

-Ef þú vilt giftast mér skal ég annast þig vel og auðsýna þér... ást.

Nú hlær hún líklega að mér. Nei, hún gerði það ekki.

-Ég vildi samt gjarnan eignast eitt eða tvö börn. Mamma er alltaf að nauða í mér.

Meta laut höfði svo hann sá bara ljósan hnakkann.

-Ég er ekki tilfinningalaus, hvíslaði hún. -Það er bara þegar svona gerist, eins og í dag, að allt fer úr skorðum.

-Ertu að líkja mér við Kláus?

Hún leit hálfsmeyk upp á hinn hávaxna, sterklega Ara, með svarta hárið og háu kinnbeinin. Jarðbundin alvara hans hafði verið hennar helsta haldreipi síðustu árin.

-Nei! Ó, nei, það geri ég ekki.

Undur varlega dró hann hana að sér og kyssti hana á ennið. Ekkert meira. Hann var þó stoltur af því afreki. Hún skalf en hörfaði ekki.

-Hugsaðu um það, hvíslaði hann og röddin brást honum af geðshræringu. -Komdu að minnsta kosti með mér heim. Mamma segist hafa séð um Kláus svo þú þarft ekki að hafa áhyggjur af honum framar.

UM ALLT ÞETTA vissi Silja ekkert. Þær Yrja... með uppglennt augun, sáu bara Ara koma ríðandi með Metu alsæla á svip fyrir framan sig. Þau höfðu rætt saman í trúnaði á heimleiðinni.

-Við ætlum að giftast, mamma! hrópaði hann úr fjarlægð, eins og til að koma í veg fyrir mótmæli.

Enginn mótmælti. Silja, Þengill og systkini Ara samglöddust þeim bara.

En Kláus?

Nokkrum dögum eftir tilraun Silju til að koma þeim Rósu saman sá hún þau læðast inn í hlöðuna. Þá hló Silja aftur með sjálfri sér. Rósa þoldi greinilega að sjá stolt Kláusar.

-Eru þau að þreskja á þessum árstíma? spurði Yrja hissa.

-Það má segja það, sagði Silja brosandi.

Þengill og Charlotte gáfu Kláusi kotbýli sem ekki hafði verið rekið um tíma. Kláusi tókst að gera Rósu að heiðvirðri konu rétt áður en stefndi í hneyksli. Þau eignuðust tvö börn áður en Rósa fór úr barneign, börn sem ekki voru neinir snillingar en þó stórum greindari en foreldrarnir.

Meta stóð sig ekki síður vel. Hún fæddi þrjá syni á þremur árum, var greinilega ekki tilfinningalaus þegar Ari var annars vegar.

Yrju litlu þótti vænt um alla í Lindigarði en langvænst um Silju.

Hún skildi ekki sína eigin foreldra. Hún bjó enn heima en

mamma hennar spurði á hverjum degi hvort hún ætlaði ekki í Lindigarð í dag.

Þegar Yrja svaraði því til að í dag hjálpaði Sunniva Silju, fauk í móðurina og hún fjasaði um dekurbarn sem þurfti að skipta sér af.

Heima hafði hún alltaf verið of veikbyggð til að lyfta yngri systkinum sínum en nú var hún orðin svo miklu sterkari og bauðst til að hjálpa en foreldrar hennar höfnuðu því.

-Þú verður að hlífa bakinu, sögðu þau umhyggjusöm. Hins vegar hvöttu þau hana til að hjálpa Metu sem mest með synina.

Yrja skildi ekki að hún var aðaltekjulind þeirra. Það sem hún fékk í Lindigarði... og stundum á Grásteinshólma, fór hún með heim því það skipti hana engu. Foreldrar hennar óttuðust að ef hún skaðaði sig misstu þau spón úr aski sínum. Matinn, fötin og umfram allt peningana sem Silja stakk að henni.

En Yrja var bara ánægð með að fá að koma í Lindigarð. Smám saman hvarf það yfirbragð andlegrar fátæktar, óöryggis og vannæringar sem hún hafði frá heimilinu. Yrja drakk í sig allan fróðleik sem hún gat frá Silju, Þengli og Metu og naut þess öryggis sem vinirnir þrír veittu.

Persónuleiki hennar þróaðist en hún var svo hæglát og óásjáleg að enginn tók eftir henni.

2

UNG STÚLKA GEKK upp lindigöngin. Göngulagið var ekki fallett, því næringarskortur á fyrstu æviárunum hafði skekkt og aflagað beinin. Nú var hún komin á þann aldur að vera sér afar meðvituð um það. Hún var mjög hjólbeinótt, það sást á göngulaginu þótt hún væri í síðu pilsí. Oft höfðu gestir á bernskuheimili hennar gert grín að fótunum á henni en hún svaraði aldrei fyrir sig. Hún var bara ekki þannig.

Andlitssvipurinn hafði alltaf verið bjartur og jákvæður og augun ljómuðu af velvild í garð allra. Hún var ótrúlega þolinmód og neitaði aldrei neinum um greiða. Ekki bætti úr skák að líkaminn var klunnalegur og aflagaður og andlitið ekki með þeim fríðustu.

Yrja var 19 ára. Þistillinn var orðinn fullorðinn.

Hún var alsæl þennan dag í ágústlok. Það var afmælisveisla í dag, hennar, Taraldar og Sunnivu. Silja hafði sameinað afmælin í stóra veislu fyrir unga fólkið. Vitaskuld kæmi Sunniva, hin viðkvæma og fíngerða. Hún var eins og álfkona og Yrja dáði hana. Ótal sinnum um dagana hafði hún óskað þess í örvæntingu sinni að vera jafn falleg. Hún skildi ekki að blóm þistilsins eru líka falleg.

Í dag myndi hún líka hitta hina frökku, síkátu Cesilju Meiden, sem alltaf var svo örugg með sig. Það sem gat dottið upp úr henni. Yrja hló við tilhugsunina.

Cesilja var ári yngri en hin börnin þrjú og nýtti sér það óspart til að hrópa upp um ranglæti. Enginn kunni betur að koma sér í sviðsljósið en Cesilja. Hún var líka skarpgreind.

Yrja roðnaði ósjálfrátt. Taraldur kæmi. Hún þorði ekki einu sinni að orða það.